



Stöðuskýrsla Samhæfingarstöðvar Almannavarna (SST)

Nr. 5

10. ágúst 2022 kl. 17:00

Eldgos í Meradölum



Hraunjaðarinn þar sem gert er ráð fyrir að flæði út úr Meradölum á næstunni. Mynd: Almannavarnir.

Meginatriði

- Gossvæðinu var lokað vegna veðurs frá því snemma á sunnudagsmorgun og þar til í morgun. Þær aðferðir sem nýttar voru í gær við lokanir virkuðu vel og komu að mestu í veg fyrir að fólk legði í gönguna.
- Veður á gosstöðvunum fer batnandi, þó er möguleiki á þoku á svæðinu síðar í kvöld og gera má ráð fyrir að bæti í vindinn á fimmtudagskvöld og fram eftir nóttu. Á föstudag ætti að birta til.
- Gosvirkni hefur þrengst inn á miðju sprungunnar og virknin svipuð og áður.
- Hraunjaðarinn þar sem hraun getur runnið úr Meradölum er nú hærri en skarðið og lítið þarf til að þar flæði út.
- Lögð er áhersla á að lagfæra göngu- og neyðarleiðir á svæðinu. Gott samráð er á milli aðila sem koma að framkvæmdum og landeigenda.

Samantekt

Viðbragð á gossvæðinu gengur ágætlega. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum lokaði fyrir aðgang að svæðinu vegna veðurs frá kl. 05.00 á sunnudagsmorgni og þar til í morgun. Þær leiðir sem nýttar voru í gær við lokanir virkuðu vel og komu að mestu í veg fyrir að fólk legði í gönguna. Veðurspá gerir ráð fyrir hægum vindi og skúrum, en möguleiki er á að þoka verði á svæðinu síðar í kvöld og nótt. Á fimmtudagskvöld og aðfaranótt föstudags er gert ráð fyrir töluverðum vindi og rigningu á svæðinu. Búið er við því að á föstudag birti til.

Gosvirknin er svipuð og hún hefur verið, en hún hefur þrengst inn á miðju sprungunnar. Aðeins er nú um að ræða litla eftirskjálfta á svæðinu. Hraunjaðarinn í Meradölum við skarð þar sem talið er líklegt að geti flætt yfir, er nú hærri en skarðið og lítið þarf til að þar flæði yfir. Það setur í hættu m.a. slóða sem viðbragðsaðilar hafa notað.

Lagt verður í að bæta gönguleið A enn frekar í dag og næstu daga, þar er sérstaklega um að ræða tvær brekkur ofarlega á leiðinni þar sem hættara er við slysum. Gott samstarf og samráð er á milli allra sem koma að lagfæringunum, þ.á m. landeigenda.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur bannað börnum yngri en 12 ára aðgang að gosstöðvunum, en börnum er áfram velkomnið að ganga inn að hrauninu í Nátthaga, enda er þar um sléttlendi og eldra hraun að ræða auk þess sem gasmengun er í lágmarki.

Samhæfing

Samhæfing aðgerða hefur gengið vel. Samhæfingarstöð Almannavarna (SST) er í stöðugu samstarfi við viðbragðsaðila og aðra aðila vegna gossins. Helstu fundir sem haldnir hafa verið frá sl. föstudegi eru eftirfarandi:

- Daglegir stöðufundir samhæfingarstöðvar, aðgerðastjórna og vettvangsstjórnar
- Daglegir samráðsfundir Veðurstofu Íslands
- Fundur í Vísindaráði Almannavarna
- Stöðufundur með flugtengdum aðilum
- Fundur með Umhverfisstofnun
- Fundað með ráðuneytisstjórahóp vegna jarðhræringa á Reykjaneskaga
- Fundað með ISAVIA og Samgöngustofu
- Samræmingarfundur vegna upplýsingamála (Almannavarnir og SafeTravel)
- Fundur í Innviðahópi.

Starfandi samhæfingaraðilar og staðsetning þeirra:

SST

- Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð 14, hefur verið starfandi frá upphafi goss.

AST

- AST Höfuðborgarsvæði, Skógarhlíð 14.
- AST Suðurnesjum, í slökkvistöð í Reykjanesbæ.

VST

- VST Grindavík, Björgunarsveitin Þorbjörn.

Aðrir

Veðurstofa Íslands, vísindasamfélagið, Isavia, Vegagerðin, veitufyrirtæki, sveitarfélög, Embætti landlæknis og Umhverfisstofnun.

Starfssvæði

Þau starfssvæði sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum eru:

- Reykjanesskagi
- Höfuðborgarsvæði

Starfssvæðin hafa fengið þá aðstoð sem þau hafa óskað eftir.

Björgunarstörf

Björgunarsveitafólk mannar vöktun á svæðinu til að tryggja öryggi við gosstöðvarnar og unnið er að langtímaáætlun á þessari vöktun. Unnið er að því í samstarfi við Umhverfisstofnun og yfirvöld að tryggja aðkomu og störf landvarða á gosstöðvunum.

Næsta stöðuskýrsla

Næsta stöðuskýrsla er áætluð föstudaginn 12. ágúst kl. 16:00

Stöðuskýrsla unnin af
Silju Ingólfssdóttur

Stöðuskýrsla samþykkt af
Jóni Svanberg Hjartarsyni

Undirskrift

Undirskrift

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfingar- og stjórnstöð Almannavarna

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is

Fyrirspurnir sendist á: almannavarnir@logreglan.is